



## Ályktun aðalfundar SFÚ, 4. nóvember 2016

Aðalfundur Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) var haldinn í Víkinni við Grandagarð, föstudaginn 4. nóvember 2016. Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundinum:

- SFÚ lýsir fullum stuðningi við þá kröfu sjómanna að tvöföld verðmyndun í sjávarútvegi verði afnumin, allur fiskur fari á markað og að markaðsverð verði framvegis skiptaverð. Slíkt fyrirkomulag leiðréttir kjör flestra sjómanna og jafnar kjör hjá stéttinni. Ennfremur stuðlar afnám tvöfaldrar verðmyndunar að eðlilegu og réttlátu samkeppnisumhverfi í sjávarútvegi. Aðalfundur SFÚ skorar á sjómenn að hrika í engu frá kröfum sínum um eitt, markaðstengt fiskverð í landinu.
- Aðalfundur SFÚ skorar á forystumenn umbótasinnaðra stjórn málaafla, sem nú taka þátt í stjórnarmyndunarviðræðum, að semja ekki af sér heldur halda til streitu kröfunni um eitt fiskverð fyrir alla, neytendum og þjóðarbúinu til hagsbóta!
- Aðalfundur SFÚ leggur áherslu á mikilvægi fiskmarkaða sem vettvang fyrir nýliðun í sjávarútvegi. Þess vegna er áriðandi að skapa fiskmörkuðum traustari rekstrargrundvöll og hagfelldara rekstrarumhverfi með því að tryggja meiri fisk á markað. Slíkt stuðlar að aukinni hagsæld þjóðarbúsins alls. Markvissasta og skilvirkasta leiðin til að auka framboð á fiski á markað er að fiskmarkaðsverð gildi í öllum viðskiptum með fisk.
- Sjávarútvegur er mikilvægasta stoð íslenska þjóðarbúsins. Það skaðar þjóðarhag ef sífelldur ófriður er um greinina, líkt og verið hefur allt of lengi. Aðalfundur SFÚ skorar á nýja ríkisstjórn að tryggja þjóðarsátt um sjávarútveginn. Eðlilegt samkeppnisumhverfi fyrir alla og sanngjörn kjör sjómanna stuðla að slíkri sátt. Við eigum að vinna saman að þjóðarhag en ekki berjast berjast um sérhagsmuni hinna sterku í greininni.